



HRUNAMANNAREPPUR

43. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR (AUKAFUNDUR) KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 12. FUNDUR ÁRSINS VAR HALDINN FÖSTUDAGINN 24. NÓVEMBER 2017 KL. 8:00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2017, þann 24. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 8:00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Endurskoðun á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032.

Gengið til dagskrár:

1. **Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.**

Þann 23. maí s.l. sendi Hrunamannahreppur erindi til Skipulagsstofnunar þar sem óskað var eftir yfirferð stofnunarinnar vegna staðfestingar á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga. Með bréfi Skipulagsstofnunar þann 1. september s.l. beindi Skipulagsstofnun því til sveitarfélagsins að yfirfara nokkur atriði sem þyrfti að bregðast við og bæta úr til að hægt væri að staðfesta aðalskipulagið. Þann 3. október s.l. samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps tillögu að aðalskipulagi þar sem brugðist var við athugasemdum og ábendingum Skipulagsstofnunar og skipulagsfulltrúa falið að senda aðalskipulagið til staðfestingar Skipulagsstofnunar. Með bréfum Skipulagsstofnunar frá 10. og 14. nóvember s.l. taldi Skipulagsstofnun að sveitarfélagið þyrfti enn að breyta nokkrum atriðum í aðalskipulaginu til að hægt væri að staðfesta það. Þá liggur einnig fyrir bréf Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 20. nóvember s.l. varðandi afmörkun á miðhálandislínu í Hrunamannahreppi.

Lagt er fram minniblað með viðbrögðum sveitarfélagsins við ábendingum Skipulagsstofnunar. Er aðalskipulagið nú lagt fram með minniháttar breytingum til að koma til móts við athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að aðalskipulagi eins og hún er hér lögð fram. Er skipulagsfulltrúa falið að senda aðalskipulagið til staðfestingar Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 8:25.